

## **Bruni**

- Leiðbeiningar fyrir kennara-

**Tímalengd:** 15 – 30 mínútur.

**Kennslugögn:** Vatnskanna með volgu vatni og bali, skriftartafla og penni.

### **Kennslutillaga**

Umræður og spurningar: Spyrja nemendur: „Hafið þið einhvertíma brennt ykkur “. Ræðið svör nemenda og hvort mögulega hefði mátt koma í veg fyrir brunann.

Spurningar: Fá öll börnin til að nefna helstu forvarnir gegn bruna á börnum sem eru nauðsynlegar á hverju heimili. Skrifa svör barnanna á töflu og bæta við þeim atriðum sem upp á vantar.

Sýnikennsla: Sýna með aðstoð eins þátttakanda hvernig kæla á bruna á hendi.

### **Nánari upplýsingar**

#### **Hvað gerirðu?**

- Stöðvaðu strax brunann með vatni, teppi eða öðru slíku.
- Kældu brunasvæðið með volgu vatni þar til sársaukinn er horfinn.
- Fjarlægðu föt eða skartgripni ef það er ekki fast við húðina.
- Búðu um sárið með blautum sáraumbúðum.
- Ef bruninn nær yfir stórt svæði eða þér virðist hann vera alvarlegur skaltu hringja í Neyðarlínu 112. Það skiptir þó meira máli að kæla brunasárið en að flytja viðkomandi til læknis strax.
- Ef kviknað hefur í fötum skaltu fjarlægja þau (í áttina frá andliti). Í flestum tilvikum má slökkva loga með því að leggja fólkið niður og velta því. Nauðsynlegt er að reyna að hindra fólk í að hlaupa um því við það espast loginn. Vefja má mottu eða ullarteppi um háls eða yfir höfuð á fólki til að hindra að loginn fari í andlitið.
- Sjá nánar í myndbandi breska Rauða krossins, ekki þó þann hluta sem eldhúsilman er sett yfir sárið, einnig í slysaforvarnarmyndbandi frá Lýðheilsustöð.

#### **Hvernig má fyrirbyggja bruna á börnum?**

- Skildu barn aldrei eftir eitt í eldhúsinu.
- Hafðu allan heitan mat og vökva þar sem barn nær ekki til.

## Rauði kross Íslands

- Ekki hafa dúka á borðum því barn getur auðveldlega náð taki á þeim og steyppt yfir sig heitum drykk eða mat.
- Athugaðu alltaf hitastig matarins áður en þú gefur barni að borða.
- Drekktu aldrei heita drykki með barn í fanginu.
- Láttu sköft á pottum snúa þannig að barn geti ekki teygt sig í þau.
- Gættu þess að barn brenni sig ekki á heitu vatni í krönum.
- Gættu þess að vera ekki lengi í einu með barn í sterkri sól.
- Notaðu sólarvörn og hafðu barnið með hatt og sólgleraugu.
- Geymdu eldspýtur og kveikjara þar sem barn nær ekki til.